

## Fundur samninganefndar Flóafélaganna

Hótel Nordica

10. febrúar 2015

Réttlæti – jöfnuður – eitt samfélag

***Kröfugerð Flóabandalagsins, Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.***

Í ljósi þeirra stöðu sem er uppi á vinnumarkaði í dag þar sem samninganefndir ríkis- og sveitafélaga hafa tekið upp nýja launastefnu ríkir ekki traust til staðar gagnvart stjórnvöldum til myndunar kjarasamninga til lengri tíma.

Kröfugerð Flóafélaganna byggir á kröfu um leiðréttingu launa og jafnræði félagsmanna stéttarfélaga á vinnumarkaði. Það er réttlætismál á hverjum tíma að það sem er til skiptanna í samfélaginu á hverjum tíma sé deilt upp með réttmætum hætti.

Kröfur samninganefndar Flóafélaganna eru eftirfarandi:

- Að gerður verði kjarasamningur til eins árs
- Að lágmarkshækkun í launatöflu verði 35 þúsund krónur
- Að neðstu tveir launaflokkar verði felldir niður þó þannig að lægsta upphafstalan verði 240.000 krónur
- Að launataflan verði lagfærð með því að auka aftur bil á milli flokka og þrepa
- Mánaðarlaun fyrir dagvinnu utan launatöflu hækki að lágmarki um kr. 33.000 miðað við fullt starf. Dagvinnu tímakaup hækki samsvarandi
- Desember- og orlofsuppbót taki hækkunum
- Eingreiðsla mæti þeim launahækkunum sem varð umfram almennar kjarasamningshækkanir á síðasta samningstímabili
- Viðræður um aðal- og sérkjarasamninga fari fram samhliða launaviðræðum

### **Greinagerð**

- 1) Sú launastefna sem mótuð var við gerð almennra kjarasamninga á s.l. ári var brotin upp af samninganefndum ríkis og sveitafélaga sem leiddi til mismunandi kaupmáttaraukningar. Ítrekað hafa stjórnvöld skert réttindi launafólks með niðurskurði í fjárlagafrumvarp og rofið gerða samninga. Þegar þannig staða er uppi er ekki skynsamlegt að semja til lengri tíma en eins árs.
- 2) Sú krónutöluhækkun sem hér er lögð til, byggir á grunni lækna- og kennarasamninga og þeirri breyttu launastefnu sem ríki og sveitafélög hafa mótað.
- 3) Fram hefur komið hjá Samtökum atvinnulífsins að neðstu tveir launaflokkar séu lítið notaðir og eru þar af leiðandi ekki virkir.
- 4) Nauðsynlegt er að lagfæra launatöfluna vegna samþjöppunar á milli flokka og þrepa í undangengnum samningum. Jafnframt þarf að breyta röðun á starfsheitum í töflunni með tilliti til starfsþróunar og menntunar.
- 5) Þarfnast ekki frekari skýringar.

- 6) Desember og orlofsuppbótin taki almennum hækkunum.
- 7) Almennu kjarasamningarnir sem gerðir voru á s.l. ári þar sem samið var um lágar launabreytingar lögðu grunninn að þeim stöðugleika og hratt lækkandi verðbólgu sem verið hefur á undanfögnu samningstímabili. Þeir kjarasamningar byggðu jafnframt á þeim grunni að sú launastefna næði með sama hætti til annarra kjarasamninga. Að öðrum kosti þyrfti að koma til leiðréttingar frá síðasta kjarasamningi.
- 8) Þarfnast ekki skýringar.

**Mat á efnahagslegum áhrifum samningsins byggja á sambærilegum forsendum og á efnahagslegum áhrifum af kjarasamningum lækna og kennara.**

Flóabandalagið telur mjög mikilvægt að í komandi kjarasamningum eigi sér stað leiðrétting milli þeirra sem mynduðu grunninn að stöðugleika með launabreytingum sínum og þeirra sem sömdu umfram þau kjör svo hægt sé að vinna áfram að stöðugleika og lækkandi verðbólgu til framtíðar.

Jafnframt telja félögin mikilvægt að unnið verði að samkomulagi um heildarstefnumótun á vinnumarkaði um vinnumarkaðsmódel sem byggji á norrænni fyrirmynd um skiptingu þjóðartekna og ekki síst sátt á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þar sem útflutningsgreinar móti á hverjum tíma hvað er til skiptanna.

Reykjavík 10. febrúar 2015